

Skóli á grænni grein



Á tveggja ára fresti er sótt um aðild að grænfánanum. Það var í apríl 2008 sem við drógum fánann fyrst að hún og núna vinnum við að því að endurnýja umsóknina og setja okkur ný markmið.



Unnið úr endurunnu efni

Markmið Ártúnsskóla 2008 - 2010 voru:

- Að efla umhverfisvitund nemenda, starfsfólks og forráðamanna
- Að auka vægi Grenndarskógarins í daglegu skóla- starfi m.t.t. útikennslu
- Að endurskoða og efla úrgangsflokkun, nýtingu og endurnýtingu.
- Að fá sem flesta til að ferðast fótgangandi í og úr skóla
- Að hanna og útbúa skilti til að minna bílstjóra á að hleypa farþegum út á hringtorgi við skóla.

Virðing í verki

Nemendur í 5. EH buðu á dögnum eldri borgurum í hverfinu í grenndarskóginum okkar. Þar unnu kynslóðirnar saman að ýmsum verkefnum. Eftir að gestirnir höfðu þegið veitingar var sett upp ljóðakeðja þar sem börnin fluttu gestunum frumsamin ljóð.

Heimsóknin eru liður í frekara samstarfi eldri borgara í Árbæ og Ártúnsskóla við vinnu í grenndarskóginum og er m.a. stefnt að sameiginlegri sýningu í vor á fjölbreyttu handverki sem unnið hefur verið að í vetur.



Páskaleyfi

Páskaleyfi nemenda er frá mánudeginum 29. mars til miðvikudagsins 7. apríl. Þriðjudaginn 6. apríl er undirbúningsdagur starfsfólks. Í páskaleyfi og á undirbúningsdegi er opið í Skólaseli fyrir þá nemendur sem þar hafa verið skráðir.

GLEÐILEGA PÁSKA



ÁRTÚNSSKÓLI

Skólaskilaboð

Frá menningarvöku 7. LB



SAMVINNA - TRAUST - VINÁTTA

Munið heimasíðu skólans: www.artunsskoli.is

Lífsleikniþemað - VIRÐING

Á síðustu önn vetrarins verður unnið með þemað VIRÐING. Nálgun viðfangsefnisins verður á þrjá vegu. Í mars mánuði einbeitum við okkur að **sjálfsvirðingu**, í apríl að **virðingu fyrir öðrum** og ljúkum þemanu á **virðingu fyrir umhverfinu**.

Í upphafi þemans ætlum við öll að taka þátt í að búa til sameiginlegt listaverk. Allir nemendur og starfsfólk skólans teikna augað sitt. Síðan verða augu allra sett saman í eitt stórt listaverk. Með þessu verkefni erum við að benda á að augu okkar eru ekki eins, við erum ólík og þurfum að bera virðingu fyrir fjölbreytileika lífsins.

Í apríl er Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Af því tilefni verða þemadagar dagana 20. - 21. apríl. Þar verður yfirskriftin **Virðing fyrir öðrum** og nálgumst við viðfangsefnið í gegnum heim trölla með áherslu á að við erum ólík og berum virðingu fyrir því. Hefðbundið skólastarf verður brotið upp þessa daga og nemendur vinna í smiðjum. Þetta þema tengist útivistardegi skólans.

Í júní verður síðasta viðfangsefni þemans **virðing fyrir umhverfinu**. Það verður tengt viðfangsefnum og útiveru m.a. í grenndarskóginum okkar. Skólastarf verður brotið upp að einhverju leyti þessa daga.

Hvernig sýnum við virðingu?

- tölum af virðingu til annarra, við aðra og um aðra
- virðum einkalíf og skoðanir annarra
- virðum eigin okkar og annarra og umhverfi okkar
- umgöngumst aðra af einlægni og nærgætni
- sýnum mannsiði og kurteisi
- leyfum öðrum að njóta sín og grípum ekki fram í fyrir þeim sem er að tala.

Menningarvaka 7. LB



Menningarvaka 7. LB var haldin fimmtudaginn 25. mars. Nemendur fluttu metnaðarfulla dagskrá fyrir foreldra sína og aðstandendur. Á dagskrá var

söngur, dans, hljóðfæraleikur og gamanmál svo eitthvað sé nefnt. Eftir hlé fluttu þau söngleikinn „Manst´ekki eftir mér“ með nokkrum velvöldum lögum Stuðmanna. Í hléi var boðið upp á veitingar sem nemendur höfðu útbúið í heimilisfræði. Aðgöngumiðar voru seldir á vægu verði en andvirði sölunnar rann allt til Umhyggju, styrktarfélag langveikra barna.

Enginn hlaut nokkru sinni virðingu fyrir það sem hann þáði.

Virðingu hlaut hann fyrir það sem hann gaf.

Calvin Coolidge

Úrslit í Stóru upplestrarkeppninni

Úrslit í Stóru upplestrarkeppninni fóru fram í Árbæjarkirkju í mars. Þær Arna María og Helga Hlín í 7. LB kepptu fyrir hönd skólans og báru sigur úr bítum. Helga Hlín varð í 1. sæti og Arna María í 2. sæti. Skólinn óskar þeim til hamingju með frábæran árangur.



Páskaeggjábíngó foreldrafélagsins

Páskaeggjábíngó foreldrafélagsins var haldið 18. mars. Mjög vel var mætt á þennan viðburð og troðfullt út úr dyrum í skólanum. Það voru glöð andlit sem báru heim páskaegg þennan dag.



Frá lífsleikniþemanu KÆRLEIKUR

Lífsleikniþemanu KÆRLEIKUR lauk í byrjun mars. Mörg verkefni voru unnin og þar bar hæst viðfangsefni Þjóðernisdags, 1. desember. Þann dag unnu vinabekkir saman að verkefnum sem öll tengdust kærleika. Högni í Hjaltalín hóf daginn með því að flytja kærleikslög fyrir nemendur og starfsfólk á sal skólans. Allir lögðu sig líka fram við að sýna kærleik í verki. Við útbjuggum kærleikshjörtu, farið var í grenndarskóg og hlaðin varða sem mun tilheyra skóginum um ókomna tíð og kærleikskola var útbúin en hún var notuð til að lýsa upp skammdagið. Á föstudagssamveru voru kærleikskorn vikunnar dregin og áhersla var lögð á að fylgja boðskap þeirra í komandi viku. Einnig voru unnin mörg smærri verkefni hjá umsjónar- og sérgreinakennurum.



Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra.

Biblían